



Sauðárkróki, 4. október 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingarstofnunar um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, mál 122.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033 er ljósleiðaravæðing allra lögheimila og vinnustaða forgangsverkefni sem stefnt er að því að ljúka árið 2025.

Stjórnvöld hafa á undanförunum árum unnið að auknu aðgengi að ljósleiðara í gegnum verkefnið *Ísland ljóstengt* sem er í umsjá Fjarskiptasjóðs. Markmiðið er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu á árslok 2020. Lögð hefur verið áhersla á jafnræði landsmanna til aðgangs að fjarskiptainnvíðum.

Sveitarfélög hafa tekið þátt í uppbyggingunni og framlag af byggðaáætlun hefur auðveldað mörgum þeirra að taka þátt í verkefninu. Þá hefur Fjarskiptasjóður lagt fé til að mæta kostnaði við uppbyggingu á svæðum þar sem er markaðsbrestur á undanförunum árum.

Í gildandi **Byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024** er lögð veruleg áhersla á fjarskipti en í aðgerð **A.1. Ísland ljóstengt** segir:

„*Verkefnismarkmið: Að öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi í dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu.*

Veittir verði byggðastyrkir til tiltekinna strjálbýlla sveitarfélaga og þeim gert hægara um vik við lagningu ljósleiðarakerfa. Byggðarlög sem búa við veikan fjárhag, mjög dreifða byggð, neikvæða byggðapróun og lágt hlutfall háhraðanettenginga njóti forgangs.“

Aðgerðin gerir ráð fyrir að 300 m.kr. framlag verði veitt til verkefnisins af fjármunum byggðaáætlunar.



Framlög af byggðaáætlun og áætlað framlag fyrir 2020 eru eftirfarandi:

- 2017 = 100 m.kr.
- 2018 = 100 m.kr.
- 2019 = 85 m.kr.
- 2020 = 69 m.kr.

Fyrir hönd Byggingastofnunar

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggingastofnunar